

Nefndasvið Alþingis
B.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um að gera 1. desember að lögbundnum frídegi (138. mál)

Félag atvinnurekenda vísar til beiðni velferðarnefndar frá 17. október síðastliðnum, um að félagið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971, á þingskjali 138.

Megintillaga frumvarpsins er að 1. desember, fullveldisdagurinn, verði gerður að lögbundnum frídegi líkt og sumardagurinn fyrsti, frídagur verzlunarmanna, baráttudagur verkalýðsins 1. maí, þjóðhátíðardagurinn 17. júní og aðfangadagur jóla og gamlársdagur að hálfu, auk helgidaga þjóðkirkjunnar.

FA telur ýmsa meinbugi á þessari tillögu. Í fyrsta lagi eru „rauðir dagar“, þ.e. lögbundnir frídagar sem ekki eru bundir við sunnudaga, fleiri hér á landi en víðast hvar í nágrannalöndunum. Á Íslandi eru þeir 12 að frátöldum aðfanga- og gamlársdegi, en í Svíþjóð eru dagarnir ellefu, tíu í Noregi og Finnlandi og níu í Danmörku. Meðalvinnuvikan á Íslandi er nú þegar ein sú stytzta í OECD-löndum þegar frídagar eru teknir með í reikninginn.

Í öðru lagi er 1. desember ekki heppilegur almennur frídagur út frá hagsmunum verzlunarfyrtækja sérstaklega, þar sem hann myndi lenda á mesta annatíma ársins.

Í þriðja lagi telur FA almennt heppilegra að um orlofs- og frídaga sé samið í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði en að ríkisvaldið ákveði þá.

Í fjórða lagi er FA sammála flutningsmönnum um að 1. desember sé merkisdagur í sögunni, en þau rök má færa fyrir því að gera alla mögulega aðra daga, sem fólkji þykja af ýmsum sökum merkilegir, að frídögum. Af dögum sem flutningsmönnum gætu þótt jafnmikilvægir má nefna 19. júní (kvennafrídaginn), 4. apríl (stofndag Atlantshafsbandalagsins), 5. maí (dag Evrópusamvinnu), 17. maí (alþjóðlegan dag gegn hómó- og transfóbíu) og þannig mætti lengi telja. Lítið yrði væntanlega unnið ef allir merkisdagar yrðu gerðir að lögbundnum frídögum. Margvíslegar leiðir eru hins vegar til að minnast þeirra og „festa í sameiginlegt minni þjóðarinnar“

Félag atvinnurekenda mælir ekki með því að frumvarp þetta verði að lögum.

Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasendum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA